

## 134. skólanefndarfundur 10.september 2014 haldinn í Ráðhúsi Stykkishólms

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar í skólanefnd:

Aðalmenn: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Ásmundur Guðmundsson fulltrúi, Kristbjörg Hermansdóttir fulltrúi, Magda Kulinska fulltrúi

Varamenn: Sigurður Bjarnason

Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar sátu fundinn: Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskólans og Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskólans. Ólöf Edda Steinarsdóttir, fulltrúi leikskólakennara

Formaður setti fund kl. 18:00

Dagskrá:

---

### 1. Skýrsla skólastjóra leikskólans;

- a. Aðlögunum er að verða lokið.  
Sigrún greindi frá því að óvenju mikið væru um forföll starfsfólks bæði vegna veikinda og leyfa vegna námslota. Ekki er svigrúm til að ráða í afleysingastöðu.
- b. Aðalfundur foreldrafélagsins verður 18. September
- c. Foreldrafundur í leikskólanum verða deildarskiptir eins og verið hefur undanfarin ár og verða í vikunni 22 – 26 september.
- d. Danskennslan byrjar fimmtudaginn 11 september og er fyrir tvo elstu árgangana.
- e. Fyrsti fundur með leikskólastjórum og starfsfólki félags-og skólaþjónustunnar er næstkomandi föstudag.  
Hrafnhildur spyr um þjónustuna sem í boði verði og Sigrún svarar því til að eftir áðurnefndan fund muni það fyrst liggja ljóst fyrir.
- f. Dagskrá er komin frá Ingu sálfræðing og kemur hún í þrjú skipti fyrir jól

### 2. Skýrsla skólastjóra grunnskólans;

- a. Skólastarfið
  - i. Undirbúningur frá því í vor  
Gunnar greindi frá breytingum t.d. starfshlutfalla vegna nýrra kjarasamninga kennara. Áframhaldandi framkvæmdir við skólalóð bíða næsta árs. Þörf var á fleiri rýmum fyrir starf skólans og af þeim sökum þurfti Hólmgeir tónlistarkennari að láta stofuna sína skólanum aftur í té. Ófyrirséð hvenær tónlistarskólinn verður fluttur.
  - ii. Nemendahópurinn  
Fjölgun hefur verið í nemendahópnum. Enn rými fyrir nemendur í flestum bekkjardeildum.

iii. Starfsfólkið

Vegna fjölgun nemenda breyttist starfshlutfall einstakra kennara. Gunnar lagði fram plagg sem listar upp allt starfsfólk skólans, tilgreinir um allar nýráðningar og stöðuhlutföll einstakra kennara. Einnig segir Gunnar frá því að enginn einstaklingur með réttindi hafi sótt um stöðu stærðfræðikennara við skólann.

iv. Starfið í upphafi

Gunnar þakkar leikskólanum fyrir að hlaupa undir bagga með mötuneytismál í byrjun skólaárs. Búið er að ráða í þá stöðu og allt komið í rétt horf.

b. Helstu áherslur í skólanum

i. Vellíðan allra

Er leiðarljós uppbyggingarstefnunnar. Gunnar stiklaði á stóru um vinnu við þá stefnu.

ii. Enn styttra á milli nemenda og starfsfólks

Gunnar talaði um að vegna þess hve vel mannaður skólinn sé og mannskapur nægur ættu öllum nemendum skólans að geta verið vel sinnt.

iii. Uppeldi til ábyrgðar

Mikil áframhaldandi vinna í kringum uppbyggingarstefnuna. M.a. hefur nýr aðstoðarskólastjóri setið námskeið í því sambandi.

iv. Val á efsta stigi

Fjölbreyttara en áður. Sum valfög eru í boði hálfan veturinn meðan önnur eru í boði út skólaárið. Með því að bjóða fjölbreytt val er líka stuðlað að því að nýta mannauðinn vel og auka ánægju starfsfólks þ.e. gefa því kost á að takast á við ný og eða fjölbreyttari verkefni.

Gunnar sagði einnig frá því að Jón Eggert skólameistari FSN muni standa fyrir kynningu hjá 10.bekk í vikunni þar sem samvinna stærðfræðikennara á Nesinu verður rædd.

c. Önnur mál

Koldingferð 10. bekkjar vel heppnuð. Gunnar þakkar foreldrafulltrúum fyrir þeirra aðkomu.

Danskennsla í skólanum fer að hefjast. Jón Pétur sér um hana. 1.-6. bekk verður boðið upp á slíka kennslu. Síðar í vetur verður eldri bekkingum einnig boðin danskennsla á skólatíma.

Umræður og fyrirspurnir um starfshlutföll. Gunnar útskýrir að ósamræmi auglýsingum og stöðuhlutföllum skýrist af breytingum vegna fjölgun nemenda og nýjum kjarasamningum kennara.

Kristbjörg gerir grein fyrir því að kennari hafi spurst fyrir um stöðu stærðfræðikennara og að viðkomandi kennari hafði fengið þau svör frá Gunnari skólastjóra að sú staða væri í raun ekki laus, þ.e. að búið væri að ráða í hana.

Gunnar gerir grein fyrir því að viðkomandi kennari hafi sóst eftir fullri kennarastöðu sem ekki var hægt að bjóða honum og að á þessum tíma var undanþága fyrir Gunnlaug komin í hús og honum því boðin staðan.

Sigurður spyr um námskrár og kennsluáætlanir og hvort þær séu nú aðgengilegar á vef skólans. Gunnar taldi svo vera.

Sigurður spyr hvort skólinn ætli að marka sér stefnu um notkun Mentors t.d. hvort einhver stýring verði t.d. á fjölpósti. Gunnar svarar því játandi.

Kristbjörg spyr um notkun Mentors og Gunnar svarar því til að ætlunin sé að virkja notkun fyrir alla bekki skólans.

## Fyrirspurn frá Kristbjörgu Hermannsdóttur fulltrúa;

### d. Fyrri erindi

- i. Tillaga um að samræma stefnur í báðum skólum eins og tíðkast t.d. í Hafnarfirði. Eðlilegt að talað sé „sama tungumál“ innan veggja beggja stofnanna. Reglur og viðurlög séu með sama móti þó svo að aldurskipting spili þar inn í. Samskipti við foreldra og stuðningsnet sé sambærilegt og sýnilegt. Skólabragur sambærilegur og starfsmannastefnu. Til þess að skólastefna geti lifað og dafnað er nauðsynlegt að halda umræðunni og uppfræðslu um hana gangandi og gefa starfsfólki tækifæri til skiptast á upplýsingum um hvernig gengur, hvað má gera betur og hvað virkar vel. Eins er nauðsynlegt að allt starfsfólk skólans sé meðvitað um út á hvað stefnan gengur og hvernig skólinn ætlast til að unnið sé eftir henni. Það þarf einnig að gefa sér góðan tíma til að setja nýtt starfsfólk inn í verklagshætti.

### Umræður

Almenn ánægja með hugmyndina en nauðsynlegt að vinna að endurskoðun skólastefnu Stykkishólmsbæjar áður en lengra er haldið.

### Ályktun

**Skólanefndin leggur til við bæjarstjórn Stykkishólms að hafin verði vinna við endurskoðun skólastefnu. Nefndin leggur til að stefnan verði unnin með aðkomu leik-, grunn-, og tónlistarskóla, íþróttá og tómstundafulltrúa auk ungmennafélagsins Snæfells.**

### e. Seinna erindi

- i. Beiðni um að fá upplýsingar um hverjir voru ráðnir í þær þrjár 50% stöður sem auglýstar voru og hvert endanlegt stöðuhlutfall þessara einstaklinga er.

Sjá umræðu undir önnur mál sem spunnust í framhaldi af plaggi sem Gunnar lagði fram.

### 3. Önnur mál

Næsti fundur verður haldinn í leikskólanum þriðjudaginn 7.október kl.18

Fundargerð var send fulltrúum í tölvupósti og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19.15

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, (sign),

Ásmundur Guðmundsson, (sign),

Kristbjörg Hermannsdóttir (sign),

Magda Kulinska (sign)

Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, (sign),

Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, (sign),

Ólöf Edda Steinarsdóttir, leikskólakennari